

FRAMHALDSSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2026



REAR WINDOW, ALFRED HITCHCOCK, 7. SEPTEMBER KL. 14:15

THE ELEPHANT MAN, DAVID LYNCH, 14. SEPTEMBER KL. 14:15

DOUBLE INDEMNITY, 21. SEPTEMBER KL. 14:15

CASABLANCA, MICHAEL CURTIZ, 28. SEPTEMBER KL. 14:15

THE EXTERMINATING ANGEL, LUIS BUNUEL, 5. OKTÓBER KL. 14:15

JAWS, STEVEN SPIELBERG 12. OKTÓBER KL. 14:15

VETRARFRÍ

VIDEODROME, 2. NÓVEMBER KL. 14:15

HEAVENLY CREATURES, PETER JACKSON 9. NÓVEMBER KL. 14:15

PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE, CÉLINE SCIAMMA, 16. NÓVEMBER KL. 14:15

FARGO, COENBRÆÐUR, 23. NÓVEMBER KL. 14:15

MEMORIES OF A SNAIL, ADAM ELLIOT, 30. NÓVEMBER KL. 14:15



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>



REAR WINDOW



TEGUND OG ÁR: Sálfræðilegur spennutryllir, 1954

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin.

LENGD: 112 mínútur

LEIKSTJÓRI: Alfred Hitchcock

LEIKARAR: James Stewart, Grace Kelly, Thelma Ritter

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Í *Rear Window* segir frá atvinnuljósmyndaranum L.B. Jeffries sem fótbrotnar þegar hann er að reyna að ná mynd í kappakstri. Hann er fastur í íbúð sinni í New York og stýttir sér stundir með því að horfa út um gluggann og fylgjast með nágrönnum sínum. Eina nóttina verðir hann vitni að atviki sem sannfærir hann um að nágranni hans hafi myrt eiginkonu sína. Enginn trúir honum, svo að Jeffries fær Lisu, kærustu sína og hjúkurnarkonu sína, Stellu til að hjálpa sér að rannsaka málið.

Ásamt *Psycho*, *Fuglunum* og *Vertigo* er *Rear Window* ein af frægustu myndum Hitchcock og Hitchcock notaði nýstárlegar aðferðir til að segja æsispennandi sögu sem hefur staðist tímans tönn.

THE ELEPHANT MAN



TEGUND OG ÁR: Drama, sannsöguleg, 1980

LENGD: 123 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: David Lynch

AÐALHLUTVERK: Anthony Hopkins, John Hurt, Anne Bancroft

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Myndin er byggð á sannri sögu um Joseph Carey Merrick sem var hafður til sýnis ásamt öðru ógæfusömu fólki sem átti við líkamslýti og fötlun að stríða.

Dr. Frederick Treves (Anthony Hopkins) sér Merrick (John Hurt) á sýningu árið 1884 og fær hann lánaðan til að hafa viðstaddan á fyrirlestri um sjúkdóma. Eftir illa meðferð sýningarstjórans fær Merrick athvarf á sjúkrahúsinu London Hospital þar sem kemur í ljós að hann er greindur, næmur og hugrakkur.

Fílamaðurinn er hugljúf mynd og er talin með bestu myndum David Lynch, sem lést í janúar í fyrra. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna.

DOUBLE INDEMNITY



TEGUND OG ÁR: Rökkurmynd, spennumynd, 1944

LENGD: 107 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Billy Wilder

ÁDALHLUTVERK: Fred MacMurray, Barbara Stanwyck, Edward G. Robinson

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta.

Double Indemnity er ein af frægustu rökkurmyndum sem hafa verið gerðar og segir frá tryggingarsölumanninum Walter Neff sem kynnist glæsilegri, giftri konu að nafni Phyllis. Hún óskar eftir að slysaftryggja eiginmann sinn án vitundar hans, en ekki líður á löngu þangað til grundsemdir vakna um tilgang hennar.

Myndin er lauslega byggð á máli Ruth Snyder, sem myrti eiginmann sinn ásamt elskhuga sínum árið 1927 og hafði slysaftryggt eiginmanninn með ákvæði um tvöfaldar bætur. Double Indemnity var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og er talin hafa markað rökkurmyndastílinn sem kom fram á fimmta og sjötta áratugnum. Hún var valin til varðveislu á National Film Registry árið 1992 vegna menningarlegra, sögulegra og fagurfræðilegra gilda.

CASABLANCA



TEGUND OG ÁR: *Rómantík, spenna, stríð, 1942*

LENGD: *102 Mínútur*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LEIKSTJÓRI: *Michael Curtiz*

ÁDALHLUTVERK: *Humphrey Bogart, Ingrid Bergman, Paul Henreid*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Myndin gerist í Casablanca í síðari heimsstyrjöldinni þar sem Rick Blaine, Bandaríkjamaður í útlegð, rekur vinsæla veitingastaðinn Rick's Café. Þangað kemur leiðtogi tékknesku andspyrnuhreyfingarinnar, Victor Laszlo ásamt eiginkonu sinni, Ilse. Hún var ástkona Ricks í París og ætluðu þau að flýja saman þegar Þjóðverjar hernámu borgina, en mætti ekki á lestarstöðina þar sem þau ætluðu að hittast.

Casablanca er klassísk mynd sem allir þurfa að sjá, en það hefur verið vitnað ótal sinnum í hana í öðrum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og vinsældir hennar hafa farið vaxandi með tímanum. Margar af frægustu setningum kvikmyndasögunnar er að finna í myndinni.

THE EXTERMINATING ANGEL



TEGUND OG ÁR: *Drama, súrrealísk fantasía, 1962*

LENGD: 93

FRAMLEIÐSLULAND: *Mexíkó*

LEIKSTJÓRI: *Luis Buñuel*

AÐALHLUTVERK: *Silvia Pinal, Enrique Rambal, Lucy Gallardo*

TUNGUMÁL: *Spænska með enskum texta*

Tortímingarengillinn (El ángel exterminador) er með frægustu myndum Luis Buñuel og fjallar um hóp auðugra gesta sem eru boðnir í veglegt kvöldverðarboð. Af óútskýrðum ástæðum komast þeir ekki heim og við tekur mikil ringulreið þar sem villidýrslegar hvatir brjótast upp á yfirborðið þegar andlit siðmenningar hrynur.

Eins og flestar myndir Buñuel er Tortímingarengillinn hvöss ádeila á yfirstéttina, kirkjuna og mannlegt eðli í súrrealískum stíl með stórkostlegri kvikmyndatöku. Myndin hlaut verðlaun Alþjóðasamtaka kvikmyndagagnrýnenda (FIPRESCI) á kvikmyndahátíðinni í Cannes 1962 og Bodil-verðlaunin fyrir bestu kvikmynd utan Evrópu.

JAWS



TEGUND OG ÁR: Tryllir, 1975

LENGD: 124 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Steven Spielberg

AÐALHLUTVERK: Roy Scheider, Richard Dreyfuss, Robert Shaw.

Á áttunda áratugnum var brotið blað í bandarískri kvikmyndagerð þegar glænýjar hrollvekjur litu dagsins ljós. Jaws var ein þeirra og markar upphafið að þeim nýjungum sem við sjáum í hrollvekjum nútímans, svo og tölvuleikjum.

Myndin gerist á friðsælum strandstað í Bandaríkjunum, Amity-eyju, en uppnám verður innan bæjarfélagsins þegar hvítháfur syndir inn á grynningar og veldur manntjóni. Lögreglustjóri bæjarins (Roy Scheider) fer ásamt haflíffræðingi (Richard Dreyfuss) og hvalveiðimanninum Quint (Murray Hamilton) til að ná hvítháfnum.

Myndin varð ein sú alvinsælasta árið 1975 og í kjölfarið komu myndir á borð við The Omen árið 1976 og Star Wars ári síðar.

VIDEODROME



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, líkamshryllingur, 1983

LENGD: 89

FRAMLEIÐSLULAND: Kanada

LEIKSTJÓRI: David Cronenberg

AÐALHLUTVERK: James Woods, Sonja Smits, Deborah Harry

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Videodrome gerist í Toronto snemma á níunda áratugnum og fjallar um Max Renn, forstjóra lítillar sjónvarpsstöðvar, sem sér af tilviljun ólöglegan þátt sem er óvenju ofbeldisfullur og kallast Videodrome. Max fer að rannsaka málið og í kjölfarið lendir hann í neti blekkinga og samsæriskenninga sem tengist stjórnun hugans og veldur því að veruleikatenging hans rofnar.

Myndin hlaut verðlaun fyrir bestu leikstjórn og Cronenberg var tilnefndur til sjö annarra verðlauna á Genie-verðlaunahátíðinni. Videodrome var langt á undan sinni samtíð og spáði fyrir um nútíma fjölmiðlaumhverfi og hvernig stafræn fjölmiðlaneysla hefur áhrif á líkamlega skynjun, hegðun og meðvitund fólks. Hún hefur haft gífurlega sterk áhrif á kvikmyndagerð og verið vitnað í ótal sinnum, síðast í myndinni The Substance með Demi Moore.

HEAVENLY CREATURES



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd byggð á sönnum atburðum, 1994*

LENGD: 99 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Nýja-Sjáland*

LEIKSTJÓRI: *Peter Jackson*

AÐALHLUTVERK: *Melanie Lynskey, Kate Winslet, Sarah Peirse*

TUNGUMÁL: *Enska með enskum texta*

Heavenly Creatures er byggð á sönnu sakamáli sem gerðist í Christchurch á Nýja-Sjálandi. Unglingsstúlkurnar Juliet Hulme og Pauline Parker eru nánar vinkonur sem elska bókmenntir og fantasíur en þegar móðir Pauline reynir að koma í veg fyrir þráhyggjukennt samband þeirra, leggja þær á ráðin um að myrða hana. Myndin gerist á árunum 1952 til 1954.

Myndin var opnunarmynd kvikmyndahátíðarinnar í Feneyjum og hlaut Gullljónið 1994. Hún vakti mikla athygli, sér í lagi fyrir afbragðs kvikmyndatöku og góðan leik, en myndin kom Kate Winslet á kortið og var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta handritið.

PORTRAIT OF THE LADY ON FIRE



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, drama, 2019*

LENGD: 119 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland*

LEIKSTJÓRI: *Céline Sciamma*

AÐALHLUTVERK: *Noémie Merland, Adèle Haenel, Luàna Bajrami*

TUNGUMÁL: *Franska með íslenskum texta*

Hin unga listakona Marianne er ráðin í verkefni að mála portrett af Héloïse, tilvonandi brúði ríkrar fjölskyldu, sem hefur ítrekað neitað að sitja fyrir því hún neitar að giftast manninum sem til stendur að binda hana við. Marianne dulbýr sig sem vinnukonu til að ávinna sér traust hennar en ekki líður á löngu þar til hún verður ástfangin af fyrirsætunni.

Myndin keppti um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni Cannes 2019 þar sem hún hreppti Queer Palm verðlaunin en um er að ræða fyrstu kvikmyndina sem leikstýrð er af konu sem hlýtur þau verðlaun. Einnig hlaut Celine Sciamma verðlaun fyrir besta handritið á hátíðinni.

FARGO



TEGUND OG ÁR: *Drama, spennutryllir, 1996*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LENGD: 98 MIN

LEIKSTJÓRI: *Joel og Ethan Coen*

LEIKARAR: *William H. Macy, Frances McDormand, Peter Stormare*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Joel og Ethan Coen eru vel þekktir í kvikmyndaheiminum sem höfundaleikstjórar og yfirleitt gera þeir kvikmyndir í sameiningu. Að því leyti halda þeir uppi merkjum óháðra kvikmyndagerðarmanna og gera ekki formúlukenndar kvikmyndir að hætti Hollywood.

Fargo er ein þekktasta mynd Coenbræðra. Hún fjallar um Jerry sem vinnur á bílasölu tengdaföður síns og er í fjárhagsvandræðum. Til að koma sér úr klandrinu ákveður hann að fá tvo menn til að ræna eiginkonu sinni og krefjast lausnargjalds frá auðugum tengdaföður sínum.

Myndin var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlutu Coenbræður verðlaunin fyrir besta frumsamda handritið og Frances McDormand fyrir besta leik í aðalhlutverki.

MEMOIRS OF A SNAIL



TEGUND OG ÁR: *Teiknimynd, drama, leirmynd, 2024*

LENGD: 94 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: *Ástralía*

LEIKSTJÓRI: *Adam Elliot*

AÐALHLUTVERK: *Dominique Pinon, Nick Cave, Sarah Snook*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Grace Pudel er ung stúlka sem býr ásamt tvíburabroður sínum og föður í Melbourne í Ástralíu á áttunda áratugnum. Þegar faðir hennar deyr er hún skilin frá broður sínum og send til fósturfjölskyldu. Grace er utanveltu og sorgmædd svo hún fer að safna sniglum, rómantískum skáldsögum og naggrísum. Líf hennar breytist þegar hún kynnist hinni líflegu Pinky og hjartaknúðsaranum Ken, en margt fer öðurvísi en ætlað er.

Stórkostleg leirmynd úr smiðju höfunda Mary and Max og er byggð á minningum leikstjórans Adam Elliot. Hún fjallar um erfiðleika lífsins á hjartnæman og kostulegan hátt þar sem vonin um betra líf er handan við hornið.



Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Framhaldsskólasýningar í Bíó Paradís

<https://www.facebook.com/framhaldsskolasyningar>

